

Stofnun Vilhjálms Stefánssonar
14 407

Ársreikningur 2018

Efnisyfirlit

	Bls.
Skýrsla og áritun forstöðumanns	2
Yfirlit um afkomu ársins	3
Efnahagsreikningur	4
Sjóðstreymisyfirlit	5
Skýringar	6

Stofnun Vilhjálms Stefánsonar

kt. 610498-2729

Heimili

Skýrsla og áritun forstöðumanns

Stofnun Vilhjálms Stefánssonar á Akureyri er Íslensk norðurslóðastofnun sem starfar samkvæmt lögum nr. 81 frá 26. maí 1997. Stofnuninni er ætlað innlent og alþjóðlegt hlutverk viðvikjandi rannsóknum, upplýsingamiðlun, ráðgjöf og samvinnu á sviði sjálfbærrar þróunar og umhverfismála á norðurslóðum. Verkefni stofnunarinnar tengjast í áherslu á þverfaglega og fjölþjóðlega umfjöllun um fræðilegar og hagnýtar lausnir á viðfangsefnum sem sérstaklega tengjast norðurslóðum.

Starfsemi stofnunarinnar fellur undir málefna svið 17 og málaflokk 50 samkvæmt flokkun í fjárlögum.

Á árinu 2018 var ársveltan kr. 79,4 milljónir og afkoma kr. 5,4 milljónir. Samkvæmt efnahagsreikningi er hrein eign kr. 15,7 milljónir í árslok og eignir samtals kr. 54,9 milljónir.

Það er álit mitt að ársreikningur 2018 gefi glögga mynd af rekstri, eignum, skuldum og eiginfjárstöðu Stofnunar Vilhjálms Stefánssonar í samræmi við lög um opinber fjármál og lög um ársreikninga.

Forstöðumaður staðfestir hér með ársreikning Stofnunar Vilhjálms Stefánssonar fyrir árið 2018 með undirritun sinni.

Akureyri 18. nóv. 2019

Staður, dags.

Niels Einarsson

Forstöðumaður

Yfirlit um afkomu ársins 2018

	Skýr	2018	2017
Tekjur			
Tekjufærsla fjárveitinga	3	42.200.000	35.978.202
Framlög og ýmsar tekjur	4	36.812.075	40.763.717
Tekjufærsla frestaðra tekna fyrri ára	3	383.166	368.459
Tekjur samtals		79.395.241	77.110.378
Gjöld			
Laun og launatengd gjöld	5	47.573.051	40.996.487
Annar rekstrarkostnaður	6	26.039.389	23.407.956
Afskriftir	7	383.166	368.459
Gjöld samtals		73.995.606	64.772.902
Afkoma (tap) fyrir fjármagnsliði		5.399.635	12.337.476
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)			
Vaxtagjöld, verðbætur og gengistap		(9.738)	(10.031)
		(9.738)	(10.031)
Afkoma ársins		5.389.897	12.327.445
Afkoma ársins skiptist þannig eftir fjárheimildaliðum			
Rekstur		5.389.897	12.327.445
Rekstrartilfærslur		0	0
Fjármagnstilfærslur		0	0
		5.389.897	12.327.445

Skýringar með ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti yfirlits um afkomu ársins.

Efnahagsreikningur 31. desember 2018

	Skýr	31.12.2018	31.12.2017
Eignir			
Fastafjármunir			
Varanlegir rekstrarfjármunir:	7		
Áhöld, tæki og búnaður		1.092.425	945.081
Aðrar eignir		700.000	700.000
		<u>1.792.425</u>	<u>1.645.081</u>
Fastafjármunir samtals		<u>1.792.425</u>	<u>1.645.081</u>
Veltufjármunir			
Viðskiptakröfur		0	503.666
Tengdir aðilar	8	52.536.038	25.606.200
Aðrar kröfur og fyrirframgreiddur kostnaður		204.152	0
Handbært fé		350.781	33.334.143
		<u>53.090.971</u>	<u>59.444.009</u>
Veltufjármunir samtals		<u>53.090.971</u>	<u>59.444.009</u>
Eignir samtals		<u>54.883.396</u>	<u>61.089.090</u>
Eigið fé og skuldir			
Eigið fé	9		
Hrein eign		<u>15.660.318</u>	<u>10.270.421</u>
Eigið fé samtals		<u>15.660.318</u>	<u>10.270.421</u>
Skuldir			
Tengdir aðilar	8	119.417	30.200
Viðskiptaskuldir		32.241.141	44.667.813
Ýmsar skammtímaskuldir	10	5.100.605	4.475.575
Frestun tekjufærslu fjárfestingarheimilda	11	1.761.915	1.645.081
		<u>39.223.078</u>	<u>50.818.669</u>
Skuldir samtals		<u>39.223.078</u>	<u>50.818.669</u>
Eigið fé og skuldir samtals		<u>54.883.396</u>	<u>61.089.090</u>
Aðrar upplýsingar	12		

Skýringar með ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti efnahagsreiknings.

Sjóðstreymisýfirlit ársins 2018

	Skýr	2018	2017
Rekstrarhreyfingar			
Hreint veltufé frá rekstri:			
Afkoma ársins		5.389.897	12.327.445
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á fjárstreymi:			
Afskriftir		383.166	368.459
Tekjufærsla frestaðra tekna fyrri ára		(383.166)	(368.459)
		<u>5.389.897</u>	<u>12.327.445</u>
Lækkun (hækkun) rekstrartengdra eigna:			
Viðskiptakröfur - aðrar skammtímakröfur		299.514	(502.124)
Hækkun (lækkun) rekstrartengdra skulda:			
Skammtímaskuldir		(11.801.642)	21.591.255
		<u>(11.502.128)</u>	<u>21.089.131</u>
		<u>(6.112.231)</u>	<u>33.416.576</u>
Handbært fé frá rekstri			
Fjárfestingarhreyfingar			
Kaupverð varanlegra rekstrarfjármuna	7	(530.510)	(721.798)
		<u>(530.510)</u>	<u>(721.798)</u>
Fjármögnunarhreyfingar			
Tengdir aðilar		(26.840.621)	(451.898)
Fjárfestingarframlag		500.000	721.798
		<u>(26.340.621)</u>	<u>269.900</u>
Hækkun (lækkun) á handbæru fé		(32.983.362)	32.964.678
Handbært fé í byrjun árs		33.334.143	369.465
		<u>350.781</u>	<u>33.334.143</u>
Handbært fé í árslok			

Skýringar með ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti sjóðstreymisýfirlits.

Skýringar

1. Yfirlit um helstu reikningsskilaaðferðir

Grundvöllur reikningsskila

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um opinber fjármál, lög um ársreikninga og ákvarðanir reikningsskilaráðs A-hluta ríkissjóðs að teknu tilliti til ákvæða í IPSAS 33 um innleiðingu IPSAS (International Public Sector Accounting Standards) auk reglugerðar um framsetningu og innihald ársreikninga nr. 696/1996 eftir því sem við á. Hér er gerð grein fyrir helstu reikningsskilaaðferðum sem beitt er við gerð ársreikningsins.

Við gerð reikningsskilanna þurfa stjórnendur að meta ýmis atriði og gefa sér forsendur um mat á eignum, skuldum, tekjum og gjöldum. Aðferðir þessar eiga sér stoð í góðri reikningsskilavenju, ákvörðunum reikningsskilaráðs A-hluta ríkissjóðs eða styðjast við ákvæði IPSAS 33 en raunverulegt verðmæti þeirra liða sem þannig eru metnir getur við sölu eða innlausn reynst annað en niðurstaða samkvæmt matinu.

Innlausn tekna

Tekjur af afhendingu á vörum og þjónustu til þriðja aðila eru metnar á gangvirði móttækis endurgjalds.

Tekjur af sölu vöru eru færðar þegar verulegur hluti áhættu og ávinnings af eignarhaldi hefur færst til kaupanda.

Tekjur vegna veittrar þjónustu eru færðar línulega yfir þann tíma sem þjónustan er veitt, nema fyrir liggir atvik sem betur lýsir lokum viðskiptanna.

Fjárveitingar til rekstrar ársins eru færðar til tekna á árinu.

Fjárveitingar sem ætlaðar eru til fjárfestinga eru færðar til tekna þannig að þær mæti þeim kostnaði sem af fjárfestingunni hlýst í formi afskrifta, úreldingar eða sölutaps.

Gjöld

Gjöld eru færð á því tímabili þegar til þeirra er stofnað.

Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir

Varanlegir rekstrarfjármunir eru færðir á kostnaðarverði að frádregnum afskriftum. Liggja kostnaðarverð ekki fyrir er miðað við metið gangvirði sem kostnaðarverð. Ef eignar er aflað án endurgjalds eða gegn vægu endurgjaldi er eignin færð til tekna á gangverði, þegar gangvirði verður ákvarðað með áreiðanlegum hætti, í yfirlit um afkomu.

Afskriftir eru reiknaðar línulega miðað við áætlaðan notkunartíma einstakra hluta rekstrarfjármuna þannig að kostnaðarverði, eða matsvirði, að frádregnu niðurlagsverði sé dreift á notkunartíma eignarinnar. Afskriftaraðferð, notkunartími og niðurlagsverð eru endurmetin á uppgjörstigi og breytt ef við á.

Áætlaður notkunartími varanlegra rekstrarfjármuna er sem hér segir eftir flokkum:

Áhöld, tæki og búnaður	3-10 ár
Aðrar eignir	óafskrifað

Þegar bókfært verð eigna er hærra en endurheimtanlegt verð þeirra, eru eignirnar færðar niður í endurheimtanlegt verð.

Söluverð og þar með talinn söluhagnaður eigna myndar heimild til endurnýjunar eigna og er meðhöndlað sem fjárfestingarheimild. Tap af sölu eigna er mismunur á söluverði og bókfærðu verði á söluþegi og er hluti af afkomu ársins.

Vaxtagjöld af lánum sem tekin hafa verið til þess að fjármagna kaup á varanlegum rekstrarfjármunum eru eignfærð á þeim tíma sem tekur að koma þeim í nýtingarhæft ástand. Önnur vaxtagjöld eru gjaldfærð í yfirlit um afkomu. Kostnaður vegna viðhalds er gjaldfærður í yfirlit um afkomu þegar hann fellur til. Kostnaður við meiriháttar endurbætur á varanlegum rekstrarfjármunum er eignfærður þegar endurbótum er ætlað hafa í för með sér að eignir verði hæfari til tekjuöflunar eða nýtingartími breytist. Endurbæturnar eru afskrifaðar á áætluðum endingartíma viðkomandi eigna.

Skýringar

Viðskiptakröfur

Viðskiptakröfur eru færðar á nafnverði að frádreginni niðurfærslu til að mæta þeim kröfum sem kunna að tapast. Niðurfærslan er byggð á mati á tapsáhættu gagnvart einstökum kröfum og kröfunum í heild. Kröfur sem eru endanlega tapaðar eru færðar út úr bókum stofnunarinnar.

Handbært fé

Handbært fé og jafngildi þess eru færð í efnahagsreikning á kostnaðarverði. Handbært fé samanstendur af sjóði og óbundnum bankainnstæðum.

Viðskiptaskuldir og aðrar skuldir

Viðskiptaskuldir og aðrar skuldir eru skráðar eftir mati á þeim útgjöldum sem þarf til að gera upp skuldbindinguna. Skuldir sem gerast upp eftir lengri tíma en 12 mánuði, aðrar en orlofsskuldbinding, eru skráðar á núvirði áætlaðs framtíðarsjóðstreymis vegna greiðslu þeirra.

Skuldbindingar

Skuldbindingar eru framtíðarútgjöld og -skuldir í samningum sem gerðir hafa verið á reikningskiladegi.

Skuldbindingar eru flokkaðar þannig:

- leiguskuldbinding: óuppsegjanlegar rekstrarleigugreiðslur með leigutíma umfram eitt ár
- uppsegjanlegar skuldbindingar með viðurlögum eða útgögnukostnaðarákvæðum í samningi, eru færðar á því verði sem nemur viðurlögum eða útgöngukostnaði (það er lágmarks framtíðargreiðslur)

Skuldbindingar um greiðslu vaxta af skuldum, skuldbindingar um framlög og skuldbindingar sem tengjast ráðningarsamningum starfsmanna eru ekki taldar með í samantekt um skuldbindingar.

Tengdir aðilar

Tengdir aðilar er ríkissjóður og aðrir ríkisaðilar í A-hluta ríkissjóðs.

2. Fjárhagsleg áhættustjórnun

Starfsemi stofnunarinnar hefur í för með sér margvíslega áhættu svo sem mótaðilaáhættu, áhrif breytinga á gengi erlendra gjaldmiðla og vaxtabreytinga. Áhættustjórnun stofnunarinnar beinist að aðgerðum til þess að draga úr þessum áhættuþáttum.

Skýringar

	2018	2017
3 Tekjufærsla fjárveitinga		
Fjárveiting ársins	42.700.000	36.700.000
Rekstrarfjárveiting flokkuð sem fjárveiting til fjárfestinga	(500.000)	(721.798)
Tekjufærsla fjárveitinga	42.200.000	35.978.202
Tekjufærsla frestaðra tekna	383.166	368.459
	42.583.166	36.346.661

Yfirlit um fjárveitingar ársins, breytingar þeirra og stöðu í árslok:

	Rekstur	Rekstrar- tilfærslur	Fjármagns- tilfærslur	Samtals
Fjárlög að frádregnum rekstrartekjum	43.000.000	0	0	43.000.000
Launbætur	(300.000)	0	0	(300.000)
Fjárveiting til rekstrar flokkuð sem fjárfestingafjárveiting	(500.000)	0	0	(500.000)
Fjárveiting til tekna	42.200.000	0	0	42.200.000
Ráðstöfun ársins, skv. rekstrarreikningi	(36.810.103)	0	0	(36.810.103)
Staða fjárveitinga ársins í lok árs	5.389.897	0	0	5.389.897

4 Framlög og ýmsar tekjur

Framlög frá öðrum en ríkissjóði og gjafir	36.021.382	40.323.060
Ýmsar tekjur	780.190	408.457
Vörusala I	10.503	32.200
	36.812.075	40.763.717

5 Laun og launatengd gjöld

Laun	37.845.111	32.386.369
Orlof, breyting	788.744	776.232
Launatengd gjöld	8.625.796	7.382.241
Starfsmannakostnaður	313.400	451.645
	47.573.051	40.996.487

Meðalfjöldi stöðugilda	4,9	4,0
------------------------------	-----	-----

Skýringar

	2018	2017
6 Annar rekstrarkostnaður		
Bækur, ritföng, filmur o.fl.	453.286	412.790
Ýmis tæki og áhöld	72.898	155.946
Varahlutir og viðhaldsvörur	3.901	0
Orkugjafir	4.030	2.996
Matvæli	77.404	486.908
Almennar rekstrarvörur	0	79.838
Vörukaup, almenn	611.519	1.138.478
Ýmsar sérgreindar vörur	17.440	48.442
Vörukaup, sérgreind	17.440	48.442
Fundir, námskeið, risna	1.111.515	1.718.846
Ferðir, uppihald	11.761.379	8.186.608
Akstur	448.901	587.679
Sérfræðiþjónusta	1.117.891	506.866
Innheimta, umboðs-, sölu- og þjónustugjöld	73.858	89.741
Auglýsingar og kynningarstarfsemi	34.309	23.846
Prentun, póstur, flutningar og önnur þjónusta	88.009	210.030
Funda- og ferðakostnaður, akstur og ýmis sérfræðiþjónusta	14.635.862	11.323.616
Afnotagjöld	976.598	935.902
Leigugjöld	9.060.560	8.823.337
Verkkaup	1.200	0
Áhættutap og bætur	0	59.938
Tryggingar, lögboðnar	10.613	10.482
Opinber gjöld	375.477	381.745
Tilfærslur	350.120	686.016
Leigugjöld, verkkaup, bætur, tryggingar, opinber gjöld o.fl.	10.774.568	10.897.420
Annar rekstrarkostnaður samtals	26.039.389	23.407.956

7 Varanlegir rekstrarfjármunir

	31.12.2018	31.12.2017
Varanlegir rekstrarfjármunir greinast þannig:		
Áhöld, tæki og búnaður	1.092.425	945.081
Aðrar eignir	700.000	700.000
	1.792.425	1.645.081

Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir greinast þannig í árslok 2018:

	Áhöld, tæki og búnaður	Aðrar eignir	Samtals
Staða 1.1.2018	1.852.672	700.000	2.552.672
Viðbætur á árinu	530.510	0	530.510
	2.383.182	700.000	3.083.182
Afskriftir 1.1.2018	907.591	0	907.591
Afskrift ársins	383.166	0	383.166
	1.290.757	0	1.290.757
Staða 31.12.2018	1.092.425	700.000	1.792.425

Skýringar

	31.12.2018	31.12.2017
8 Tengdir aðilar		
Viðskipti við tengda aðila eru á sömu kjörum og viðskipti við ótengda aðila.		
<i>Kröfur á tengda aðila:</i>		
Viðskiptareikningur við ríkissjóð	49.108.917	22.155.606
Aðrir ríkisaðilar í A-hluta ríkissjóðs	0	23.473
Áætluð leiðrétting vegna fjárveitinga	3.427.121	3.427.121
	<u>52.536.038</u>	<u>25.606.200</u>
<i>Skuldir við tengda aðila:</i>		
Viðskiptareikningar við ríkisaðila í A-hluta ríkissjóðs	119.417	30.200
	<u>119.417</u>	<u>30.200</u>

9 Eigið fé

Yfirlit um breytingar á eiginfjárreikningum

Hrein eign

Jöfnuður 1.1.	10.270.421	(5.484.145)
Niðurfelling vegna orlofsskuldbindingar	0	3.427.121
Afkoma ársins	5.389.897	12.327.445
Jöfnuður 31.12.	<u>15.660.318</u>	<u>10.270.421</u>

Áætlað framlag á móti orlofsskuldbindingu í stofnefnahagsreikningi, að fjárhæð kr. 3,4 milljónir, var fært yfir eigið fé á árinu 2017 skv. fyrirmælum fjármála- og efnahagsráðuneytisins, sbr. einnig frumvarp til laga um staðfestingu ríkisreiknings fyrir árið 2017.

Afkoma ársins hefur verið flutt óskert á hreina eign þar sem reglugerð um yfirfærslur ónotaðra fjárheimilda á grundvelli 2. mgr. 30. gr. LOF liggur ekki fyrir. Leiði tilkoma reglugerða til breytinga á meðferð afkomu mun það verða leiðrétt í ársreikningi fyrir árið 2019.

10 Ýmsar skammtímaskuldir

Ógreitt orlof	4.992.097	4.203.353
Ógreidd laun	0	136.489
Önnur ógreidd gjöld	108.508	135.733
	<u>5.100.605</u>	<u>4.475.575</u>

11 Frestun tekjufærslu fjárveitinga til fjárfestinga

Ríkissjóður fjármagnar rekstur stofnunarinnar, þar með taldar fjárfestingar. Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum er í eðli sínu fyrirframgreiðsla kostnaðar sem dreift er til gjalda á notkunartíma eignarinnar í formi afskrifta. Við innfærslu eignanna eru færðar frestaðar tekjur vegna fjárveitinga til fjárfestinga sem færast til tekna á eftirstöðvum notkunartíma eignanna eða falla niður við sölu eignarinnar nema söluandvirðið verði notað til endurfjárfestinga.

Frestaðar tekjur vegna fjárfestingafjárveitinga	1.792.425	1.645.081
Ofnotuð fjárveiting til fjárfestinga	(30.510)	0
	<u>1.761.915</u>	<u>1.645.081</u>

Skýringar

	Frestaðar tekjur vegna fjárfestinga	Fjárfestinga- fjárveiting	Samtals frestaðar tekjur
Staða 1.1.2018	1.645.081	0	1.645.081
Rekstrarfjárveiting flokkuð sem fjárveiting til fjárfestinga	0	500.000	0
Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum	530.510	(530.510)	0
Tekjufærsla frestaðra tekna	(383.166)	0	(383.166)
	1.792.425	(30.510)	1.261.915

Af frestuðum tekjum vegna fjárfestinga í árslok 2018 munu kr. 0,3 milljónir koma til tekna á árinu 2019.

12 Aðrar upplýsingar

Skuldbindandi samningar

Stofnunin hefur gert skuldbindandi samninga um húsnæði til ársloka 2029. Árlegar greiðslur stofnunarinnar vegna húsaleigu nema 9,2 millj. kr.

Veðsetningar

Engar veðsetningar eru áhvilandi á eignum stofnunarinnar í árslok 2018.

Veittar ábyrgðir

Stofnunin hefur ekki gengist í ábyrgðir vegna þriðja aðila.

Óefnislegar eignir

Vegna ákvæða í lögum um ársreikninga um að óheimilt sé að eignfæra áður gjaldfærðar óefnislegar eignir eru óefnislegar eignir sem stofnað var til fyrir 1.1.2017 ekki færðar til eignar við innleiðingu á LOF.

Óafturkallanleg loforð

Á ekki við

Atburðir eftir reikningsskiladag

Á ekki við